

Mánudaginn 3. marzmán.

Nr. 26/1883

Hreppsnefnd Hrafnagilshrepps

gegn

Cand. theol. Jóhannesi

Halldórssyni.

D ó m u r :

Tildrög máls þessa eru þau, að sumarið 1877 byggði candidat Jóhannes Halldórsson, barnakennari á Akureyri, íbúðarhús á lóð, sem hann hafði keypt af eiganda jarðarinnar Eyrarlands, og flutti inn í hús þetta um haustið. Með því að hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi áleit, að hús það, sem candidat Jóhannes Halldórsson hafði byggt og bjó í, væri í Hrafnagilshreppi, lagði nefndin á hann útsvar til fátækra í hreppnum, en Jóhannes færðist undan að greiða það af því að hann taldi sig eiga heimili í Akureyrarkaupstað; var þá útsvarið eptir ráðstöfun hreppsnefndarinnar tekið fjárnámi fyrst fyrir árin 1878 og 1879 og síðan 1. júní 1882 fyrir árin 1880 og 1881.

Útaf þessari síðari fjárnámsgjörð höfðaði Jóhannes Halldórsson skaðabótamál gegn hreppsnefndinni í Hrafnagilshreppi, og með dómi, kveðnum upp í aukarjetti á Akureyri 19. janúar f. á., var fjárnámsgjörðin dæmd ógild, og hinum skipuðu málsfærslumönnum málspartanna, sem báðir höfðu fengið gjafsókn fyrir undirjetti, dæmdur 10 kr. hvorum í málsfærslulaun úr opinberum sjóði. Þessum dómi hefur hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi að fenginni gjafsókn áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 14. júlí f. á., og krafizt,

að fjárnámsgjörðin 1. júní 1882 verði staðfest, og að hinn stefndi, candídat Jóhannes Halldórsson, verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum, en hinn stefndi, sem einnig hefur fengið gjafsókn fyrir yfirdómi, hefur krafizt, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur, þó þannig, að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir báðum rjettum.

Þess skal fyrirfram getið, að þar sem hinn stefndi í sáttakæru sinni og hjeraðsdómsstefnu aðeins hefur minnst á sveitarútsvar það, sem honum var gjört á árinu 1881, en ekki næst undanfarins árs útsvar, sem bæði eru tekin hjá honum með sömu fjárnámsgjörð 1. júní 1882, þá getur undir þessu máli aðeins komið til greina, hvort tjeð fjárnámsgjörð eigi að falla úr gildi að því er snertir sveitarútsvarið 1881.

Aðalágreiningsefnið í þessu máli er það, hvort hús það, sem hinn stefndi býr í, sje í Hrafnagilshreppi eða kaupstaðnum Akureyri. Áður fyrri var kaupstaðurinn og hreppurinn eitt sveitarfjelag en með reglugjörð 29. ágúst 1862 var kaupstaðurinn gjörður að bæjarfjelagi sjer með þeim takmörkum, sem þá voru, en hver þau takmörk hafi verið, er ekki nægilega upplýst undir málinu. Það er að vísu ljóst, að lóð sú, sem kaupstaðurinn stendur á, heyrði fyrrum undir jarðirnar Naust og Eyrarland, sem eru í Hrafnagilshreppi, og undir málinu er framkomið afsalsbrjef Jóns sýslumanns Jakobssonar til konungs 9. ágúst 1793, er sýnir, hversu mikil lóð þá var keypt til kaupstaðarstæðis frá Naustalandi, en aptur eru engin skilríki komin fram um það, hvort nokkur nje hversu mikil lóð hafi verið afsöluð

frá Eyrarlandi til kaupstaðarins áður en hann varð bæjarfjélag sjer; síðari samningar milli Akureyrar-kaupstaðar og eiganda Eyrarlands hafa enga þýðingu í þessu máli. — Yfirdómurinn verður nú að álíta sannað, að lóð sú, sem íbúðarhús hins stefnda er byggt á, hafi áður verið í landareign jarðarinnar Eyrarlands, en það er engin sönnun komin fram um það að hún hafi verið lögð undir kaupstaðinn, áður en hann varð bæjarfjélag sjer. Þvert á móti bendir allt á, að lóð þessi hafi heyrt undir Eyrarland allt til 1877, að eigandi Eyrarlands seldi hinum stefnda hana; þannig hefur hún verið notuð af ábúanda Eyrarlands og leigð sjerstaklega einum Akureyrarbúa til sáðgarðs af eiganda Eyrarlands, en aldrei verið greitt lóðargjald af henni til kaupstaðarins fyr en þar var reist hús, og loks hefur áfrýjandinn fullyrt, án þess að því hafi verið mótmælt, að byggingarnefnd Akureyrar-kaupstaðar, sem samkvæmt opnu brjefi 6. janúar 1857, 4. gr. á að taka til húsastæði til allra nýrra húsa á kaupstaðarlóðinni, hafi engin afskipti haft af byggingu húss þess, sem hjer er umtalsefni.

Yfirdómurinn fær þannig ekki betur sjeð, en að lóð sú, sem hús hins stefnda stendur á, heyri undir Hrafnagilshrepp, eins og jörðin Eyrarland, sem hún var seld undan eptir að Akureyri varð bæjarfjélag sjer, því að öðrum kosti hefði hinn stefndi orðið að sanna, að lóðin, þó hún lægi undir jörð í hreppnum, væri innan takmarka kaupstaðarins, eins og þau voru 1862, en það hefur hann ekki gjört. Með því að hreppsnefndinni samkvæmt þessu var rjett að leggja á hinn stefnda sveitarútsvar til Hrafnagilshepps sem búandi innan takmarka hreppsins, og láta taka

útsvar þetta með fjárnámi, þegar það ekki var greitt góðviljuglega, ber að staðfesta hina átöldu fjárnámsgjörð. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eiga að falla niður, og málsfærslulann til hinna skipuðu talsmanna málspartanna í hjeradi og til talsmanns áfrýjandans fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 krónur handa hvorum hinna fyr nefndu og 20 krónur handa hinum síðast nefnda, að greiðast úr opinberum sjóði.

Rekstur málsins í hjeradi og flutningur þess í hjeradi og fyrir yfirdómi hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hin átalda fjárnámsgjörð 1. júní 1882 á að vera óröskuð. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Hinum skipuðu talsmönum málspartanna í hjeradi, Friðbirni Steinssyni og Jóni Davíðssyni, greiðist 10 kr. hvorum, og hinum skipaða talsmanni áfrýjandans fyrir yfirdómi, Þorsteini sýslumanni Jónssyni, 20 kr. í málsfærslulaun úr opinberum sjóði. —

Nr. 40/1883

Halldór Magnússon
 gegn
 J. Chr. Thostrup.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp í gestarjetti Norðurmúlasýslu 14. nóvember 1881 er veitingamaður J. Chr. Thostrup á Seyðisfirði dæmdur til að greiða Halldóri bónda Magnússyni á Sandbrekku skadabætur eptir